

MÓTTAKA ÚRGANGSOLÍU Í ÖRFIRISEY, REYKJAVÍK

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 7. desember 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Olíudreifingu ehf. um áframhaldandi hreinsun úrgangsolíu í Örfirisey, Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.15 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning um framkvæmd í olíubirgðastöðinni í Örfirisey í Reykjavík. Olíudreifing ehf., 2. desember 2020.

Fylgigögn:

- Verksmiðjuolía. Olíudreifing, 2016.
- Öryggisskýrsla fyrir olíubirgðastöðvarnar í Örfirisey. Gestur Guðjónsson, 2016.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hafrannsóknastofnun dags. 24. febrúar 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 25. febrúar 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 25. febrúar 2021.
- Vinnueftirliti ríkisins dags. 10. mars 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 11. og 17. maí 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Um er að ræða breytingu á starfsleyfi fyrir móttöku og hreinsun úrgangsolíu í Olíubirgðastöðinni í Örfirisey. Ekki er um stækkun stöðvarinnar eða ný mannvirki að ræða en magn úrgangsolíu sem berst til stöðvarinnar er breytilegt og ræðst að mestu af umsvifum í samfélaginu. Móttakan hefur verið rekin í Olíubirgðastöðinni í áratugi.

Í gögnum Olíudreifingar kemur fram að starfsemi móttökustöðvarinnar felist í því að taka á mót úrgangsolíu og hreinsa hana svo unnt verði að endurnýta hana. Undanfarin ár hafi verið tekið á mót um 6.000 tonnum af óunninni úrgangsolíu á ári. Hún innihaldi um 50% vatn og gefi því um 3.000 tonn af hreinsaðri úrgangsolíu á ári.

Fram kemur að í stöðinni sé nú þegar allur búnaður fyrir hendi, þ.e. móttökuaðstaða, geymar, lekaþrær, vinnslubúnaður og mengunarvarnabúnaður.



4 UMHVERFISÁHRIF

Áhrif á loftgæði

Fram kemur að gufur frá vinnslunni séu hverfandi. Létt efni berist í úrgangsolíunni, bensínúrgangur og terpentínuefni. Þau eru þétt með kælingu í ferlinu og endurnýtt. Hins vegar berist öðru hverju úrgangsolía sem hefur fengið að standa lengi einhvers staðar í söfnunardejuni, sem er með mikilli lífrænni virkni. Lykt hafi verið vandamál í þessum tilfellum því að þegar vatni var tappað undan slíkri úrgangsolíu og það blandaðist heitu affallsvatni sem kom frá stöðinni, gaus illa þefjandi gufa upp úr niðurföllum hjá nágrönnum sem kvörtuðu yfir ólyktinni. Búið er að aðskilja þessa vatnsstrauma, þannig að heita vatnið er leitt aðra leið og því er gufumyndunin horfin og kvartanir vegna lyktar hafa ekki borist eftir að ferlinu var breytt.

Áhrif á fráveitu og sjó

Í gögnum Olíudreifingar kemur fram að föstum og fljótandi úrgangi, sem falli til við vinnsluna, sé skilað til Sorpu í Álfsnesi. Fasti úrgangurinn er að megninu til aska, sem aftur er að uppistöðu til kalk. Um er að ræða 20 til 40 tonn á ári en hafi farið upp undir 50 tonn 2019.

Fram kemur að vatnið sem skilið er frá fari í gegnum tvær olíuskiljur og sé síðan leitt í fráveitukerfi borgarinnar þar sem það fari í fituskilju í hreinsistöð að Ánanaustum áður en það renni til sjávar. Kröfur um hreinleika fráveituvatns eru þær að styrkur olíu í því skuli vera undir 15 ppm. Sama krafa um hreinleika fráveituvatns er gerð til bensinstöðva og olíubirgðastöðva almennt. Styrkur olíunnar hefur aldrei mælst ofan þeirra marka, en mælt er á hverju ári.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Móttaka og hreinsun úrgangsolíu er á skilgreindu hafnarsvæði og er þar gert ráð fyrir birgða-, rekstrar- og þjónustustarfsemi olíustöðvar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða móttöku og hreinsun úrgangsolíu í olíubirgðastöðinni í Örfirisey í Reykjavík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.15 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýndun, mengun og ónæði, einnig staðsetningu framkvæmdar og gerð og eiginleika áhrifa, einkum stærðar og fjölbreytileika þeirra og afturkræfni sbr. 1., 2. og 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Engar nýframkvæmdir eru fyrirhugaðar heldur er hér um að ræða málsmeðferð vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrirtækisins fyrir starfsemi sem hefur verið á sama stað í áratugi. Móttaka og hreinsun olíuúrgangs hefur í för með sér að dregið er úr mengun og stuðlað að bættri nýtingu náttúruauðlinda þ.e. olíu og lágmörkun úrgangs. Rökrétt er að starfsemin sé á sama stað og birgðastöð fyrir olíu þar sem augljós samlegð öryggis- og umhverfisráðstafana verður við slíka tilhögun. Reglubundin starfsemi stöðvarinnar á ekki að hafa neikvæð áhrif í för með sér eða hafa í för með sér álag á umhverfið en nauðsynlegt er þar sem meðhöndlun olíu á sér stað að starfseminni séu settar skorður í starfsleyfi. Hvorki eðli, staðsetning né eiginleikar hugsanlegra áhrifa gefa tilefni til að meta umhverfisáhrif hennar.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. júní 2021.

Reykjavík, 19. maí 2021

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson